VISA
PLÚS
Í JANÚAR


PLÚS-afsláttur nemur

1000 kr.
fyrir handhafa almennra VISA-korta.
2000 kr. f.hjón/ferðafélaga.

2000 kr.
fyrir handhafa Farkorta VISA.
4000 kr. f.hjón/ferðafélaga.

3000 kr.
fyrir handhafa Gullkorta VISA.
6000 kr. f.hjón/ferðafélaga.

29. jan. - 2. feb.
Edinborg



Skoðunarferð um borgina innifalin

Verð frá
25.650 kr.* á mann

Innifalið í verði: Flug, akstur til og frá flugvelli, hótel með morgunverðarhlaðborði, skoðunarferð um Edinborg, íslensk fararstjórn (Kjartan Trausti Sigurðsson) og flugvallarskattar.

*Með 3000 kr. Gull-plús afslætti.

VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN


Lágmúla 4: sími 569 9300,
Hafnarfirði: sími 565 2366, Keflavík: sími 421 1353,
Selfossi: sími 482 1666, Akureyri: sími 462 5000
- og hjá umboðsmönnum um land allt.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN HF./SÍA

LISTIR

Stórir litafletir fanga áhorfandann

Oliver Debré er einn merkasti abstraktmálari Frakka eftir seinna stríð. Þóroddur Bjarnason hitti hann á Kjarvalsstöðum þar sem opnuð hefur verið yfirlitssýning á verkum hans.



Morgunblaðið/Kristinn
OLIVER Debré listmálari.

ÁSÝNINGUNNI má sjá verk sem spanna um 40 ára tímabil í list hans. Elstu myndirnar eru frá fimmta áratugnum en þær nýjustu frá 1990. Blaðamaður Morgunblaðsins gekk með Debré um sýninguna en hann kom hingað til lands til að vera við opnun hennar.

Verk hans eru mörg hver geysistór þar sem einn litur með ýmsum fínlegum blæbrigðum þekur mestallan myndflötinn. Til mótvægis eru litlir marglitir hraukar í hornum eða við jaðra, dregnir á með sköfu. Kolateikningar eru til sýnis í vinstri enda salarins en þær vinnur Debré meðfram málverkinu og þá gjarnan einnig á stórum flötum. Hann hefur einnig fengist við höggmyndir þar sem hann mótar óhlutbundin form sem hafa tengingu við form mannslíkamans. Það tengist aftur elstu verkunum á sýningunni sem við komum fyrst að, innst í hægri enda salarins.

„Þessar eru elstar af þeim sem eru hér til sýnis. Þarna er ein frá 1953," segir hann og bendir, „ég málaði mikið áður en hún og fleiri áþekkar urðu til en ég lít á þær sem fyrstu alvörumyndir mínar. Þær sýna líkamann á óhlutbundinn hátt. Málarar á þessum tíma sem voru að fást við abstrakt-expressjónísk málverk líkt og Jackson Pollock voru í raun að mála landslag og ég saknaði manneskjunnar í verkunum," sagði Debré.

Þekkti Picasso

Debré er fæddur árið 1920 og hefur því orðið vitni að þeim öru breytingum sem hafa orðið á 20. öldinni í myndlist. Hann hefur einnig haft persónuleg kynni af mörgum frægustu listmálurum aldarinnar. „Ég sýndi í Bandaríkjunum árið 1959 og þar hitti ég Mark Rothko og ég held að honum hafi líkað myndirnar mínar," sagði Debré.

Þeir sem þekkja til bandarísku listamannanna Marks Rothkos og Barnetts Newmanns munu sjálfsagt sjá einhver tengsl við verk Debrés enda talar hann um þá þegar kemur að útskýringum á eigin myndlist. Hann minnist á að Picasso hafi haft áhrif á sig enda þekktust þeir vel. „Þegar ég var ungur hitti ég Picasso tvisvar í vinnustofunni á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Ég hitti hann einnig oft eftir það. Ég játa það að hann hafði áhrif á mig en ég reyndi að gera öðruvísi myndir. Það má sjá áhrif kúbismans á

Karatefélag Reykjavíkur
Sundlaugarhúsinu í Laugardal

KARATE - KARATE - KARATE

Æfið karate hjá elsta karatefélagi landsins, þar sem kennsla fer fram hjá ábyrgum aðilum

Karate er frábær alhliða íþrótt sem hentar fólki á öllum aldri! - Nýjir félagar ávallt velkomnir!

Innritun er hafin á staðnum eftir kl. 17:00 (einnig í síma 553 5025).

Nýtt æfingatímabil er hafið skv. eftirfarandi æfingatöflu:

kl.	Mánudagur	kl.	Þriðjudagur	kl.	Miðvikudagur	kl.	Fimmtudagur	kl.	Föstudagur	kl.	Laugardagur
17:15	1. flokkur börn	17:15	byrjendur börn	17:15	1. flokkur börn	17:15	byrjendur börn	18:15	byrjendur fullorðnir	14:00	Kumite/frjálst
18:15	1. flokkur fullorðnir	18:00	2. flokkur börn	18:15	2. flokkur fullorðnir	18:00	2. flokkur börn	19:15	Samæf. frh.hópa		
20:00	2. flokkur fullorðnir	19:00	byrjendur fullorðnir	19:30	1. flokkur fullorðnir	19:00	byrjendur fullorðnir	20:30	Séræfing 6 kyu og hærra		

Æfingagjöld verða eftirfarandi fyrir þrjá mánuði: Fullorðnir kr. 8.500 og börn kr. 6.800. Innifalin í verði er karateþjálfun, aðgangur að lyftingarherbergi, sundlaug og pottum. Jafnframt er innifalin í verði gráðun o.fl. í lok tímabilsins. Komi til landsins erlendir þjálfarar, þá þarf að greiða sérstaklega fyrir aðgang að námskeiðum þeirra, svo og gráðun á þeirra vegum.

ATH.: Yfirþjálfari félagsins ***sensei George Andrews 6. dan shihan***
er með sérstakt námskeið hjá félaginu frá 12.- 29. jan. nk., en sérstök æfingatafla er í gildi meðan á dvöl hans stendur